

16. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt má taka lögtaki, í hinu skattskylda húsa eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjaldþaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

145

24. júlí

17. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

146

26. júlí

um breyting á reglugerð um holræsi í Bolungavík, nr. 106 26. maí 1943.

Í stað „kr. 25.00 árlega“ í 3. gr. reglugerðarinnar komi: kr. 50.00 árlega af hverju húsi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.